

**Illugi Jökulsson** telur feng að bloggsíðu **Björgólfs Thors Björgólfssonar**, en mikinn missi að því að bloggsíða Láru Hönnu er horfin af netinu

# BLOGGIÐ HANS BJÖRGOLFS

Ég sé á netinu að ýmsir eru að agnúst út í þá bloggsíðu sem Björgólfur Thor Björgólfsson hefur nú opnað og birtir fullt af skjölum og upplýsingum um fjármál hans og bísness, allt frá því að hann, ásamt föður sínum og Magnúsi Þorsteinssyni, eignaðist Landsbankann á sínum tíma og þangað til hrúnið reid yfir.

Sumir virðast hneykslast á því í sjálfu sér að Björgólfur Thor opni þessa síðu þar sem hún hljóti að vera eintóm sjálfréttlætning fyrir hann og ekkert að marka neitt sem þar kemur fram. Þess sjónarmiðs hefur jafnvel orðið vart, sýnist mér, að vegna þess að Björgólfur Thor átti þátt í hrúninu 2008, þá skuli hann ekki voga sér að bera hönd fyrir höfuð sér með þessum hætti – það sé hrein ósvífni. Hann eigi bara að þegja úti í sínu horni.

## DAVIÐ OG JÓN ÁSGEIR BIRTI SÍNA HLÍÐ

Aðrir hafa viðrað þá skoðun að þótt máske sé í lagi að hann opni svona vefsíðu, þar sem hann setur fram sín sjónarmið og birtir skjöl sem hann telur sér hagstæð, þá eigi fjölmiðlar ekki að rjúka upp til handa og fóta og taka þátt í því með honum að auglýsa þetta einkablogg.

Ég verð eiginlega að vera ósamála öllum þessum röddum. Í fyrsta lagi finnst mér í hæsta máta eðlilegt að Björgólfur Thor birti efni af þessu tagi, jafnvel þótt það hljóti náttúrulega að miðast fyrst og fremst við hann sjálfan og hans sjónarmið. Ég myndi líka telja mikinn feng í því ef Davíð Oddsson birti efni úr sínum fórum. Það væri mjög fróðlegt og auðvitað væri ekki hægt að ætlast til þess að hann legði sig beinlínis í líma við að birta eitthvað sem kæmi honum illa. Ég myndi líka fagna því ef Jón Ásgeir birti sem mest af sínum plöggu – þó að í hans tilfelli munum við kannski fá að sjá meirihlutann af því sem hann lumar á, þar sem hann leggur slík plögg væntanlega fram í þeim réttarhöldum sem fram undan eru hjá honum.

Í stuttu máli sagt, því meira sem birt er og frá þeim mun fleiri aðilum sem komu við sögu hrunsins, því betra.



Ég myndi líka telja mikinn feng í því ef Davíð Oddsson birti efni úr sínum fórum.

## TRÉSMÍÐJA ILLUGA

### DULARFULLT HÁTTERNI SEDLABANKASTJÓRA

Í öðru lagi er ljóst að í þeim plöggu sem Björgólfur Thor hefur nú birt er ýmislegt hnýslegt. Ég hef ekki lesið þetta nærri allt ennþá, en bara upplýsingar eins og þær sem komu fram í skýrslu Björns Jóns Bragasonar sagnfræðings gera birtingu skjalanna fyllilega réttlætanlega.

Þótt ekki sé það gleðiefni sem þar kemur fram. Fjölmiðlar birtu töluvert úr þessari skýrslu í gær, ekki síst lýsingar á hátterni sedlabankastjóra sumarið 2008. Það virðist hafa verið mjög dularfullt, svo ekki sé nú fastar að orði kveðið. Á þeim örlagaríku vikum þegar við héldum að stjórnvöld í landinu hefðu sameinast um að stækka gjaldeyrisfordann til að forða veseni í bankakerfinu, þá vann Davíð Oddsson sedlabankastjóri beinlínis gegn því að forðinn yrði stækkaður og lán tekin erlendis.

EKKI VEIT ÉG HVORT ÞAÐ HEFÐI ÞJARGAÐ BANKAKERFINU ÞÓTT GJALDEYRISFORDINN HEFÐI VERIÐ STÆKKAÐUR. Sennilega ekki, en það hefði þó líklega gefist tóm til þess að vinda ofan af kerfinu, þannig að hrúnið hefði ekki þurft að verða jafnalgert og ömurlegt og raunin varð.

### VORU GLÆPAMENN Í BÖNKUNUM?

Sumir munu kinka kolla þegar þeir lesa í skýrslunni að Davíð hafi sagt við mann og annan þetta sumar að við stjórn í bönkunum væru „glæpamenn“ sem þyrfti að losna við, og segja sem svo að það hafi nú heldur betur komið í ljós. Vissulega kom á daginn að maðkar voru í mysu bankanna, þótt persónulega muni ég ekki

nota orðið „glæpamenn“ fyrir en sekt hefur verið sönnuð samkvæmt reglum réttarríkisins, en það er þó öldungis ljóst að maður í embætti sedlabankastjóra átti ekki að fara um með slíku gaspri á mjög viðkvæmum tímum – hann átti að hafa önnur ráð til að temja bankana, en beinlínis koma þeim á kné.

En öll sú saga um hvernig hefði getað farið verður auðvitað aldrei skrifuð nema í viðtengingarhætti. Við sitjum uppi með þá sögu sem gerðist – við sitjum uppi með hátterni Davíðs, réttarhöld Jóns Ásgeirs, bloggsíðu Björgólfs Thors ...

Síðasta atriðinu, að fjölmiðlar hefðu ekki átt að „auglýsa“ bloggsíðu Björgólfs Thors svo mjög sem raunin var, er ég líka ósammála. Það er ekki í öllum tilfellum sama hvaðan gott kemur (eins og það var orðað!), en þegar málið snýst um upplýsingar er það vissulega raunin. Og fjölmiðlar og allur almenningur eiga að taka fagnandi þeim skjalabunkum og skýrslum sem Björgólfur hefur nú birt. Að sjálfsögðu hljóta menn að lesa öll þessi plögg með fyrirvara um hvaðan þau eru komin og alltaf hafa bak við eyrað að ekki sé endilega víst að öll sagan sé sögð – en það myndi nú gilda í flestöllum tilfellum hvort sem er, hvaðan sem upplýsingar af þessu væru komnar. Mér finnst því framtak Björgólfs Thors gott og vona að sem flestir feti í fótspor hans.

### VEFSÍÐA LÁRU HÖNNU HORFIN

En af því tilefni langar mig líka til að vekja athygli á því að aðeins nokkrum dögum áður en síða Björgólfs Thors opnaði, þá hvarf af netinu vefsíða Láru Hönnu Einarsdóttur, en þar hafði hún – auk þess að setja fram eigin skoðanir í bloggformi – safnað gríðarlegu magni af upplýsingum úr sjónvarpi, útvarpi, blöðum og upp úr allskonar skýrslum – og laut allt að hrúninu, aðdraganda þess og viðbrögðum. Ég þarf ekki að fjölýrða neitt um vefsíðu Láru Hönnu, allir sem fylgjast með samfélagsmæruðu þekkja síðuna hennar. Hún var síðast vistuð á Eyjunn, en fyrir skömmu tilkynnti Lára Hanna að hún yrði að hætta að sinna síðunni





sinni, þar sem hún hetði hreinlega ekki efni á því lengur að gera það allt í sjálfbodavinnu. En hún hefur aldrei fengið neins konar borgun fyrir alla sína stórmerku vinnu við að halda saman heimildum um þá merkilegu tíma sem við lifum nú. Afleiðingin af því að Lára Hanna hefur nú þurft að fara að sinna sínu brauðstriti er sem sagt sú að hin stórmerka síða hennar er nú horfin og þar með allt það gríðarlega magn af upplýsingum og heimildum sem þar voru vistaðar.

#### MEIRA BRUÐL

Ég veit ekki nákvæmlega hvernig annaðhvort hið opinbera eða stofnanir þess, eða jafnvel bara einkafyrirtæki, gætu farið að því að liðsinna Láru Hönnu við að varðveita heimildasafn sitt og bloggsíðu - en hitt veit ég að víða í opinberu kerfi og rekstri fyrirtækja á sér stað meira bruðl en myndi felast í því að halda utan um þetta merkilega safn og aðstoða Láru Hönnu við að auka enn við það.

Ég fagna sem sagt bloggsíðu Björgólfs Thors. Ég mundi fagna því enn meira ef bloggsíða Láru Hönnu gæti líka haldist opin. Upplýsingar á þessum síðum gefa kannski misjafna sýn á hrúnið, en vafalaust jafnnaðsynlega þegar upp verður staðið.